

Sérdeild Giljaskóla

Sérdeild Giljaskóla starfar samkvæmt lögum um grunnskóla nr.91/2008 og sérkennslureglugerð nr. 389/1996.

Hlutverk deildarinnar er að sinna:

- **Kennslu og þjálfun** barna með alvarlega greindarfötlun og aðrar viðbótafatlanir.
- **Ráðgjöf** til kennara, foreldra og annarra sem tengjast þessum hópi nemenda.

Samkvæmt grunnskólalögum skulu öll börn sækja skóla í heimabyggð sinni með þeirri undantekningu að foreldrar og fagfólk telji fötlun nemandans koma í veg fyrir að almennur skóli geti veitt honum viðunandi kennslu og þjónustu. Forráðamenn geta þá sótt um skólavist í sérdeild. Endanleg ákvörðun um skólavist er tekin í samráði þessara aðila og heimaskóla barnsins eftir að sérfræðimat á stöðu mála hefur átt sér stað hjá ráðgjafapjónustu ríkis eða sveitarfélags.




Sérdeildin er rekin af Akureyrarbæ en getur jafnframt sinnt nemendum úr öðrum sveitafélögum á Norðurlandi í skemmri eða lengri tíma ef aðstaða er fyrir hendi. Akureyrarbær og viðkomandi sveitafélag gera með sér samning um tilhögun skólagöngunnar og kostnað.

Kennsla

Gerð er einstaklingsnámskrá fyrir nemendur í sérdeild þar sem námsþarfir eru skilgreindar. Námsstilboð skulu vera fjölbreytt og kennsluáðstæður skipulagðar með þarfir nemendanna að leiðarljósi. Námið fer fram eftir þremur samþættum leiðum:



- **Þroskamiðað nám:** Áhersla lögð á að efla þroska á sviði skynjunar, hreyfinga, boðskipta, hugsunar, félags-og tilfinningalegs þroska.
- **Færnemiðað nám:** Áhersla lögð á að auka færni nemenda til þess að takast á við daglegt líf s.s. sjálfshjálp, einföld störf og tómstundir.
- **Reynslumiðað nám:** Áhersla lögð á að byggja upp reynsluheim nemenda þannig að þeir geti gert sér skýrari mynd af umhverfinu sem þeir lifa í og upplifað það á innihaldsríkan hátt.



Ráðgjöf

Sérdeild Giljaskóla hefur ráðgefandi hlutverki að gegna. Markmiðið er að aðstoða við þróun starfshátta svo að betur megi koma til móts við þarfir nemenda með mikla greindarfötun í almennu skólakerfi.

Samstarf

Sérdeildin hefur samstarf við ýmsa aðila m.a:

- Akureyrarbæ - skólaskrifstofu/fjölskyldudeild/ búsetudeild
- Endurhæfingarstöðina á Bjargi
- Talmeinafræðinga
- Þekkingar- og þjónustumiðstöð sjónskertra, blindra og daufblindra
- Félagsþjónustu Norðurljósa á Húsavík
- Borgarhólsskóla á Húsavík




Starfsmenn

Í sérdeildinni vinna nú tveir þroskþjálfar og einn leikskólakennari. Það fer eftir fjölda og þarfa nemenda í sérdeild hversu margir starfsmenn eru í deildinni hverju sinni. Starfsmenn sér deildar eru:

Anna Tryggvadóttir, þroskþjálfari

Hrefna Jóhannesdóttir, leikskólakennari

Ragnheiður Júlíusdóttir, þroskþjálfari og deildarstjóri.



[Linkur - Kennslulýsing sérdeildar](#)

[Linkur - Ráðgjöf sérdeildar](#)

[Linkur - Ferli umsókna um skólavist í sérdeild](#)

Ráðgjöf

Sérdeild Giljaskóla hefur ráðgefandi hlutverki að gegna. Markmiðið er að aðstoða við þróun starfshátta svo að betur megi koma til móts við þarfir nemenda með mikla greindarfötun í almennu skólakerfi. Ráðgjöf getur verið til kennara, foreldra og annara sem tengjast hópi nemenda. Eftirtaldir þættir geta falist í ráðgjöf deildarinnar:

- mat á námsstöðu
- aðstoð við gerð námsáætlana
- aðstoð við val á kennsluaðferðum
- aðlögun námsefnis
- aðstoð við val á kennslugögnum og tækjum til fræðslu.

Beiðni um ráðgjöf er send Fjölskyldudeild Akureyrar, skólateymi, á til þess gerðum eyðublöðum. Í beiðni skal vandinn skilgreindur ítarlega. Skólastjóri metur hvernig beiðni skuli sinnt í samráði við starfsmenn sérdeildar og felur viðkomandi fagmanni málið. Grundvöllur að árangursríkri ráðgjöf er gott samstarf, gagnkvæm virðing og traust ríki á milli ráðgjafa og ráðþega. Samningur er gerður á milli viðkomandi í þeim tilgangi að skilgreina innihald, leiðir og framvindu verkefnisins. Í lok ráðgjafaferlis er tekin ákvörðun um eftirfylgd. Ráðgjöfin fer fram í heimaskóla á Akureyri og í sérdeildinni. Liggi fyrir skrifleg beiðni frá öðru sveitarfélagi um ráðgjöf í heimaskóla er ráðgjöfinni sinnt þar. Viðkomandi sveitarfélag stendur straum af kostnaði við ráðgjöfina.

Ferli umsókna um skólavist í sérdeild

Nauðsynlegt er að skólanum séu kynntir nýir nemendur með a.m.k. árs fyrirvara þannig að hægt sé að hefja undirbúning og deildin verði vel í stakk búin til þess að sinna þörfum þeirra.

Undirbúningur felst m.a. í eftirfarandi:

- kynnast nemanda og foreldrum og kynna þeim skólastarfið
- fara í heimsóknir á leikskóla til að kynnast búnaði og aðstæðum
- undirbúa drög að námsáætlun
- undirbúa starfsfólk t.d. með námskeiðum
- gera innkaup á sértækum búnaði
- gera fjárhagsáætlun.

Ferli umsókna

- Fjölskyldudeild Akureyrarbæjar fer með málefni barna með fatlanir og hefur ráðgefandi hlutverk gagnvart þeim og fjölskyldum þeirra
- Fjölskyldudeild skal kynna sérdeild og nýja nemendur og boða til fundar með forráðamönnum og fagfólki sem sinnir barninu
- Nemendakynning skal farar fram á vorönn, rúmu ári áður en nemandi innritast í skóla. Þá skal fara fram mat á þeim möguleikum sem skólakerfið hefur upp á að bjóða fyrir viðkomandi nemanda.
- Ákvörðun um skólagöngu skal liggja fyrir eigi síðar en ári áður en nemandi hefur skólagöngu.
- Þegar ákvörðun hefur verið tekin um skólagöngu sækja foreldrar formlega um skólavist.
- Skólastjóri tekur við málinu og hefur undirbúning skólabyrjunar ásamt tilgreindum sérfræðingum skólateymis Fjölskyldudeildar, foreldrum og öðrum sem málið kann að varða.